

íslenzkri menningu, meðan þeir lifðu. En að öllum líkindum hafa þeir unnið kristninni hér á landi enn þá miklu meira gagn eftir dauða sinn, er þeir fyrir kraft kvenna og klerkadrauma—eða vitrana, sem víst má telja sérstaka tegund drauma—voru orðnir „ráðvaldar með guði“, eða dýrðlingar íslenzku kyrkjunnar.

Að líkindum er það mikið dýrilingunum að þakka og „Guðmunde preste“ hvað lítið ber á vantrú úr því kemur fram yfir 1200. Vantrúin er nú að vísu ekki svo lítil, sé miðað við það sem seinna varð. Þannig lézt Þorsteinn Þorlaugarson ekki vita hvort bein þau, sem Guðmundur prestur var að venja fólkið við að kyssa á, væri helgra manna bein eða hrossabein og stefndi Guðmundur honum þá „um guðlöstun“ og fékk sjálf-dæmi; 100 árum seinna hefði Þorsteinn líklega verið brendur fyrir. Enn bannfærði Guðmundur, eftir að hann var orðinn biskup, Kolbein Tumason, en „Kolbeinn ok öll alþýðan metr þat enkis“. Bannfæringarnar bitu betur á jafnvel forhertustu sálir þegar lengra leið á 13. öldina.

En hvað er þetta, sem nú var talið hjá þeirri vantrú, sem hafði komið fram áður á tímum og þó meir en 100 árum eftir kristnitökuna. Eg á við atvik eitt, sem segir frá í Þorgils sögu og Hafliða og mun slík vantrú, sem þar er lýst, naumast hafa verið eins dæmi. Það er á Alþingi árið 1120. Þorgils Oddason segir við Bøðvar Ásbjarnarson: „Þat mæla menn, at þú sér trúlaus mágr, og meðallagi góðgjarn“. . . . Bøðvar mælti: „Þat er ok satt er þú segir“.

Orð Bøðvars eru afar eftirtektaverð. Kyrkjan var þá snemma á 12. öld, ekki búin að ná betra tangarhaldi á Íslendingum en þetta! Sá orðrómur gat legið á íslenzkum höfðingja, að hann væri trúlaus, það er að segja andlega óháður kyrkjunni, og hann játaði þetta hiklaust á sjálfu Alþingi, ef svo bar undir.

Svona mikið var andlegt frelsi hér á landi, á dögum þeirra Ara fróða og Sæmundar. Og ætli ekki hefði orðið daufari „ljóminn af frægðaröld Íslands“, hinar fornu bókméntir vorar, ef andinn sá, sem kom fram í hinum helgu mönnum Jóni og